

Aðalfundur Eyjafjarðardeildar 2022

10.03.2022

Haldinn í Viðjulundi 2, Akureyri, þann 10. mars 2022 klukkan 18.00.

A. Kosning fundarstjóra.

Gunnar Frímannsson, formaður Eyjafjarðardeildar, setti fundinn og var Sigríður Stefánsdóttir kosinn fundarstjóri. Linda Guðmundsdóttir var kosin ritari fundar.

B. Lögð fram tillaga um breytingu á uppröðun fundarliða.

Lögð var fram tillaga um að tillaga kjörnefndar yrði kynnt á undan öðrum liðum en kosning í lok fundar líkt og hefð er fyrir. Tillagan var samþykkt.

C. Tillaga kjörnefndar kynnt

Þorbjörg Jónasdóttir kynnti tillögu kjörnefndar.

D. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar.

Formaður flutti greinargerð úr skýrslu stjórnar. Farið var yfir verkefni deildarinnar á árinu og gerð grein fyrir starfi deildarinnar. 310 sjálfbóðaliðar unnu fyrir deildina árið 2021 í 364 verkefnum. Starfmenn deildarinnar voru fjórir, tveir í fullu starfi, einn í hálfu stöðugildi og einn í 20% starfi.

E. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, deildarstjóri Eyjafjarðardeildar, gerði grein fyrir ársreikningi deildarinnar og lagði hann fram til samþykktar. Reikningurinn er staðfestur og undirritaður af stjórn, deildarstjóra, skoðunarmanni og endurskoðanda. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrartap félagsins um 1,9 milljónum króna á árinu að teknu tilliti til afskrifta sem námu 5 milljóna króna. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 138,9 milljón kr. en var um 140,8 milljón kr. í byrjun árs.

Aðalfundur samþykkti reikninginn.

F. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun lagðar fram.

Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri lagði fram framkvæmda- og fjárhagsáætlun deildarinnar til kynningar.

G. Kosning deildarstjórnar

Kjörnefnd hafði þegar kynnt tillögur sínar undir lið C. Þar var lagt til að eftirtaldir aðilar verði kjörnir í stjórn:

Til tveggja ára verði kosin:

Kristín B. Gunnarsdóttir
Konráð K. Baldvinsson
Jón Baldvin Hannesson
Kristjana V. Valgeirsdóttir

Áfram sitja í stjórninni til 2023 kosin til tveggja ára á aðalfundi 2021:

Gunnar Frímansson, formaður.
Gísli Kort Kristófersson
Hilmar Friðjónsson
Karen Malmquist
Sigríður Stefánsdóttir

Varamenn til eins árs 2022-2023:

Fjóla V. Stefánsdóttir
Kári F. Lárusson
Jovana Kotaras
Þorsteinn K. Björnsson

Aðalfundur samþykkti tillögur kjörnefndar í kosningu.

H. Kosning skoðunarmanns

Lagt til að Guðlaug Kristinsdóttir verði kjörin skoðunarmaður.
Aðalfundur samþykkti tillöguna.

I. Önnur mál

Lagt til að dagur Rauða krossins, 8. maí, yrði nýttur til kynningarstarfs fyrir Rauða krossinn.

Umræða um vopnuð átök í Úkraínu og hugsanlega komu flóttafólks á Eyjafjarðarsvæðið.

Fundi slitið klukkan 20.30